



Lyklafellslína 1 – Hamraneslínur, núllkostur 2


Dags. 29. mars 2022

Umsögn - Umhverfissvið

Á fundi skipulagsráðs 14. febrúar 2022 var lagt fram erindi Landsnets hf., dags. 8. febrúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn umhverfissviðs Kópavogsbæjar á nýjum valkosti í útfærslu Lyklafellslínu 1 í landi Kópavogs. Skipulagsráð frestaði afgreiðslu málsins og vísaði því til umsagnar umhverfissviðs.

Um er að ræða niðurrif mastra Hamraneslína 1 og 2 á milli tengivirkisins í Hamranesi að Urriðakotsdal og lagningu 220 KV jarðstrengja í stað loftlínunnar á þeim kafla sem er um 5 km. Jarðstrengurinn mun liggja frá tengivirki í Hamranesi og tengjast við möstur Hamraneslína 1 og 2 (HN 1&2) í Urriðakotsdal. Þessar framkvæmdir fela ekki í sér niðurrif Hamraneslína 1 og 2 alla leið, líkt og ef um byggingu nýrrar línu (Lyklafellslínu 1) væri að ræða. Þessi nýja útfærsla hefur hlotið vinnuheitið **Núllkostur 2**. Sjá mynd 1.

Lyklafellslína 1 - núllkostur 2



Mynd 1: Núllkostur 2, Kópavogur.

Skv. erindinu uppfyllir „Núllkostur 2“ ekki meginmarkmið verkefnisins, en engu að síður telur Landsnet, miðað við stöðu og gögn málsins nú, að valkosturinn hafi margvíslegan ávinning og með fyrirvara um endanlega niðurstöðu umhverfismatsins, geti hann mögulega orðið aðalvalkostur Landsnets þegar umhverfismatsskýrslan verður lögð fram.


Aðalskipulag

Gert er ráð fyrir Lyklafellslínu 1 til framtíðar. Hamraneslínur 1 & 2 eru inni á uppdrætti aðalskipulags en gert er ráð fyrir að þær verði fjarlægðar. Í greinagerð aðalskipulags kemur fram eftirfarandi texti:



Hamraneslínur (1 & 2) 220 kV. Hamraneslínur eru víkjandi og munu verða teknar niður þegar Lyklafellslína 1 er komin í rekstur.

„Núllkostur 2“ er í samræmi við uppdrátt núgildandi skipulags, en ekki stefnu til framtíðar. 6 möstur f 50 eru innan Kópavogs, sjá mynd 2.



Mynd 2: Hamraneslínur 1 & 2.

Niðurstaða

Umhverfissvið Kópavogs telur að Núllkostur 2 hafi margvíslegan ávinning þrátt fyrir að hann uppfylli ekki meginmarkmið Landsnets hf. og gerir ekki athugasemdir við að sá kostur verði aðalvalkostur Landsnets hf. til framkvæmda.